



Afmæliskveðja frá forseta Íslands

Frjálsar íþróttir eiga djúpar rætur í sjálfstæðisvitund Íslendinga og settu ríkan svip á hugsjónir kynslóðanna sem áttu sér draum um fullvalda þjóð. Vítt og breitt um byggðir landsins voru haldin öflug mót, árangurinn veitti íþróttafólki aukinn kraft og almenningur fylgdist af áhuga með framvindunni.

Þegar íslenskir frjálsíþróttamenn sköruðu framúr í keppni við önnur Norðurlönd eða á Evrópumótum varð jafnan hér heima sannkölluð þjóðhátíð; slíkur var ætíð fögnuður fólksins. Kempurnar sem þá voru í fararbroddi urðu fyrstu alþjóðahetjur sem Íslendingar eignuðust á vettvangi íþróttanna.

Síðan hafa margir fetað sigurbrautir, bæði heima og á erlendum mótum. Á Ólympíuleikum hefur það einkum verið frjálsíþróttafólkið sem hæst hefur borið heiður Íslands.

Með einurð, fórnfýsi og þrotlausu starfi hefur hreyfingin fóstorað þúsundir Íslendinga, þjálfað og styrkt, gefið nýjum kynslóðum veganesti og gert íþróttamenningu Íslendinga æ fjölbreyttari.

Enn er margt efnisfólk að koma fram á völlinn og við væntum fjölda sigra á komandi árum, Frjálsíþróttasambandið mun áfram vera í fararbroddi og veita ungu íþróttafólki tækifæri til að sýna hvað í því býr.

Á merkum tímamótum, afmælisári, færi ég FRÍ og hinni vösku sveit í frjálsum íþróttum heillaóskir, þakka öflugt framlag í áratugi og hlakka eins og allir aðrir Íslendingar til að fylgjast með framförum keppenda og sigrum á fjölmörgum mótum.